

Myndbandið “Hvernig verður mjólkinn til? Hluti 3”

Vísbendingar og ítarefni

Markmiðið er að miðla eftirfarandi þáttum:

- mjólk úr kindum (sauðamjólk) – áður fyrr, þegar ær voru aðalmjólkurdýrin
- sauðamjólk á Íslandi í dag – vélrænar mjaltir, dæmi Egilsstaðir/Sauðagull
- geitamjólk á Íslandi í dag – vélrænar mjaltir, dæmi Lyinghóll/Geitagott
- ólíkar aðferðir fyrr og nú – ólíkar aðferðir miðað við kúamjaltir á Íslandi í dag
- hvað er samt alls staðar eins

Aðalmjólkurdýrin á Íslandi voru í margar aldir ær, þar sem

- kýr þurfa helst hey af ábornum túnnum (“töðu”) til að mjólka eitthvað að ráði,
- en tún voru lítil fram á 20. öld – það var erfitt að slétta þau til að auðvelda slátt og
- auk þess þurfti að nota tað (skít) oft í upphitun húsa í staðinn fyrir áburð.
- Auk þess þola kýr ekki vetrarþétt, þær eru of viðkvæmar til þess.

Ær hins vegar gera miðað við allt litlar kröfur – þær geta búið til afurðirnar sínar úr “engu”, þ.e. úr gróðri sem þær finna í óráttuðu landi og í fjöllum.

Kringumstæðurnar breyttust allt í einu í byrjun 20. aldar:

- sláttu- og rakstrarvélar (dregnar af hestum) komu til sögu og
- tún voru sléttuð og ræst fram með vélum.
- Gaddavír var fundinn upp og flutt til landsins, allt í einu var hægt að setja upp girðingar til að verja túnin fyrir ágangi búfjár í staðinn fyrir að vakta þau dag og nótt eða hlaða túngarða úr torfi og grjóti á mjög seinlegan hátt.
- Þar með var miklu auðveldara að framleiða orkuríkt hey sem nýttist mjólkurkúm.
- Á sama tíma varð lambakjöt (“dillakjöt”) í fyrsta sinn söluvara, á meðan það voru aðallega sauðir (geltir hrútar) og í minna mæli fullorðnar ær áður fyrr.
- Þar með borgaði sig að færa lömbin ekki frá mæðrunum sínum til að mjólka þær, heldur láta lömbin nýta mjólkina og stækka talsvert hraðar.

Þess vegna lagðist sauðamjólkurframleiðslan nærri af á mjög stuttu tímabili og upp úr 1920 tóku kýrnar við. Sem betur fer varðveittust samt myndir, sem voru teknar á blómsturskeiði mjólkuránna (sem voru líka kallaðar “kvíær”) og sýna áhugaverð smáatriði. *Börn voru mikilvægur hlekkur* í þessari framleiðslu – það voru yfirleitt þau sem “sátu yfir ánum” (þ.e. gættu þeirra á meðan þær voru á beit) og sem smöluðu ánum og ráku þær til mjalta. Þetta hlutverk kallast “smali”. Á nokkrum myndum í myndbandinu sést smalinn vel.

Í dag eru ær hér á landi eingöngu mjólkaðar í smáum stíl og bara á örfáum bæjum. Notað er færanlegt mjaltakerfi sem samanstendur aðallega úr loftþéttum mjólkurbrúsa, loftdælu og mjaltatæki sem hægt er að taka þannig í sundur að hægt er að nota tvö og tvö spenahylki saman, því ær eru einungis með tvo spena, ekki fjóra eins og kýr. Það sama er að segja um mjólkurgeitur og jafnvel sama tækni notuð. Eins og í gamla daga eru ær eingöngu mjólkaðar á sumrin – ólíkt kúm sem geta borið og gefið mjólk allt árið og eru auk þess með lengra mjaltaskeið en ær. Geitur hins vegar geta mjólkað í þó nokkur ár í röð án þess að eignast nýtt afkvæmi, en geitamjólkurframleiðendur hér á landi hafa ekki nýtt sér það, heldur mjólka þeir geiturnar (huðurnar) einungis á sumrin eins og ær og láta þær bera einu sinni á ári.

Meira um efnið:

- Myndbandið “Hvernig verður mjólkinn til – hluti 1: Til hvers er mjólk – íslensku mjólkurdýrin” – 0:04:42 til 0:06:07: fleiri áhugaverðar myndir af ám í kvíum ásamt mjaltastúlku og smalanum
- Myndbandið “Sveitalíf á Íslandi”:
islandpaafilm.dk/is/film/sveitalif-islandi (upp úr 11:02, rúmlega 1 mínúta – í lokin eru kvíarnar færðar til að dreifa skítum = áburðinum þannig að grasið vex betur)
- Myndbandið “Íslenskt búfé (landnámskynin), hluti 2: sauðkindin”
- Myndbandið “Íslenskt búfé (landnámskynin), hluti 3: geitin”

Tillögur að spurningum eftir að hafa horft á myndbandið:

- Fráfærur áður fyrr: Voru lömbin tekin frá mæðrunum sínum strax eftir burð?
- Hvar voru ærnar mjólkaðar í gamla daga? Hvar eru þær mjólkaðar í dag?
- Berið saman ferlið að mjólka kúr og að mjólka ær, eins og það er í dag. Hvað er eins?
- Hvað er hins vegar öðruvísi?
- Dæmi Egilsstaðir: Eru lömbin tekin frá mæðrunum sínum þar? Hvernig fær bóndinn nóg mjólk samt?
- Geitur (huðnur) og ær: Er einhver munur þar þegar þið hugsið um mjaltir?

Ertu með athugasemdir eða spurningar? Hafðu samband: forvitni@forvitni.net